

1859. og með því, að allt sé skilmerkilega bókað í gjörðabók nefndarinnar.
25. nóvemb.

6. gr. Nefndin fær, sem slík, eigi laun fyrir starfa sinn, en sá kostnaður, sem leiða kynni af nefndarstörfunum, t. a. m. að einhver nefndarmanna þyrfti að takast ferð á hendur, sem og hæfileg sanngjörn þóknun til nefndarskrifarans, verður endurgoldinn eptir réttum reikningi, sem þó sé innsendur áður en finantsárið er útrunnið.

7. gr. Þar sem nefndin á vissan hátt kemur í stað hinna konunglegu erindsreka, flýtur það af sjálfu sér, að henni ber í gegnum stiptamtíð að gefa lögstjóranum skýrslu um athafnir sínar, þegar störfum hennar um sinn er lokið við útgöngu næstkomandi marzmánaðar.

Íslands stiptamthúsi 25. nóvember 1859.

Th. Jónassen,
const.

13. desemb. **55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um flutning sakamanna til Danmerkur.**

Hinn setti sýslumaður í Gullbringu og Kjósar sýslum hefur með bréfi 1. f. m. sent dómsmálastjórninni samning, er hann hafði gjört við skipstjóra N. Petersen um að flytja til Kaupmannahafnar tukthússfanga Ólaf Gíslason og betrunarhússfanga Ingibjörgu Árnadóttur, og var áskilið í fararkaup fyrir hvort þeirra 35 rd.

En þess ber að gæta, að skipstjórar, er fara frá Íslandi til Danmerkur, eru eptir konungsbréfi 3. maim. 1816 skyldir að taka við sakamönnum, er yfirvöldin heimta að þeir skuli flytja, fyrir sanngjarna borgun, sem ákveðið er í konungsbréfi 25. septemberm. s. á. að vera skuli 1 rd. um daginn fyrir hvern sakamann meðan á ferðinni stendur.

Með því nú sakamenn þeir, sem hér ræðir um, eptir dagbók skipstjóra eigi hafa verið á skipinu lengur en 30 daga,

hefur dómsmálastjórnin eigi getað veitt útgjörðarmanni skipsins meiri borgun, en 30 rd. fyrir flutning þeirra.

1859.

13. desemb.

Þetta eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að tilkynna sýslumanni þeim, er hlut á að máli, og minna hann um leið á, að þegar slíkt kemur fyrir í annað skipti, eigi hann að fara eptir ákvörðunum þeim, sem að ofan er á vikið.

56. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins á Íslandi, um leyfi til að byggja kirkju á Hólsfjöllum eða Neðrifjöllum í Þingeyjarsýslu. 24. desemb.

Samkvæmt því, sem þér ræddu til í bréfum yðar, dags. 14. marz og 3. ágúst þ. á., þóknaðist Hans Hátign konunginum 24. október þ. á., eptir þegnlegri uppástungu stjórnarráðsins, að samþykkja:

1. að bændunum á Hólsfjöllum eða Neðrifjöllum í Þingeyjarsýslu sé leyft, á einhverri jörð sinni, sem biskupinn þar til velur, á eigin kostnað að byggja kirkju með umgirtum greptrunarreit, og skulu þeir allir í sameiningu skyldir til að halda kirkjunni við, og að útvega messuskrúða og önnur áhöld, er kirkjan þarf með.

2. að kirkja þessi fyrst um sinn verði lögð undir Skinnastaða prestakall sem útkirkja, upp frá því, að hún með tilheyrandi kirkjugarði er á þann hátt fullgjör, að hún við löglega skoðunargjörð geti álitizt að fullnægja þeim kröfum, er gjöra ber til slíks húss; og skal prestinum á Skinnastöðum gjört að skyldu, meðan kirkja þessi er talin til þess prestakalls, að messa þar að minnsta kosti fimmta hvern helgan dag á sumrin, og einu sinni eða tvisvar á veturna; þó skal biskupinn á Íslandi hafa rétt til að gjöra þá breytingu á þessu, að þar verði messað fjórða hvern helgan dag á sumrin.

3. að kirkjan fái legkaupin fyrir þá, sem þar eru jarðaðir; en hrökkvi tekjur þessar ekki til að lýsa kirkjunna og fyrir brauð og vín, þá skal leyft að taka það, sem til vantar, af tekjum Skinnastaða kirkju, þó svo, að aldrei sé af þeim tekið meira en